

Olúdreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 29. september 2020
UST202003-201/G.S.Á.
08.06.02


Efni: Eftirlit 2020 - Olúdreifing - Vopnafjörður - Reglubundið eftirlit þann 9.9.2020

Þann 9. september sl. fór fram eftirlit í olúbirgðastöð Olúdreifingar, Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllt,

G. Stella Arnadóttir
Guðbjörg Stella Arnadóttir
Sérfræðingur


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vopnafirði



Dags eftirlits	9.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Hreiðar Geirsson	Staðsetning	691175,044 590358,894

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða fráviks frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. og engin ábending gerð þar um. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig aðgengileg á rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Fimm geymar eru í stöðinni og ein olúpró um þá alla. Gert var við sprungur í þrónni árið 2018. Einstefnuloki er á olúskilju úr pró þar sem sjávarfalla gætir á lóðinni. Er olúskiljan þjónustuð að minnsta kosti einu sinni á ári en gera þarf mælingu á olú í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár. Óhapp varð nú í haust er grútur lak í olúskiljuna en hafði það verið hreinsað er eftirlit fór fram.

Hafa geymarnir allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum en næstu mælingar eru á geymi merktum 690.03.00, árið 2022. Geymir merktur 690.01.00 hefur verið tekin aftur í notkun eftir viðgerð árið 2014 sem unnin var af Bílum og vélum ehf. Þrjár lagnir eru í stöðinni og voru þær allar þrýstiprófaðar árið 2019 og eru í lagi.

Engin mengunaráhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, pró og geymar skoðaðir. Girðing er um olúpróna og er hún heil og í lagi, hlið stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Stöðin var snyrtilega á að líta en nokkuð er um tómar oliutunnur sem bíða flutnings til úrgangsmóttöku.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Lítill umferð er um stöðina en umsjónarmaður er til staðar og fylgist með daglega.

Reykjavík, 29.09.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

[Handwritten signature]

bls. 1

2 Ábending: Ástand sem effirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir